

Stelpur Kóða – Í boði Forritara Framtíðarinnar og Google

Forritarar framtíðarinnar bjóða stelpum á aldrinum 8-13 ára á forritunarnámskeið dagana 22. og 23. október. Námskeiðin eru haldin í samstarfi við Google og Skema.



Í tengslum við evrópsku forritunarvikuna, Europe Code Week, sem fram fer 15.–23. október næstkomandi hefur sjóðurinn Forritarar framtíðarinnar hlotið styrk frá Google til að kveikja áhuga á forritun hjá stelpum.

Forritarar framtíðarinnar í samstarfi við Google og Skema nota styrkinn til að bjóða stelpum á aldrinum 8 til 13 ára upp á forritunarnámskeið helgina 22. til 23. október, þeim að kostnaðarlausu. Alls eru laus sæti fyrir 224 stelpur og verða námskeiðin í tveimur aldursflokkum, 8 til 10 ára og 11 til 13 ára. Um er að ræða grunnkenndu í forritun sem gefur góða innsýn inn í skapandi heim tækninnar og tekur hvert námskeið 1 klukkustund og 15 mínútur.

#StelpurKóða #codeEU #codeIS

Uppfært: Kominn er biðlisti fyrir námskeiðin, hægt er að skrá sig **hér**